

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

236. tbl - 6. árg.

12. janúar 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR  
- bakjarl í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Prettándinn haldinn í hvassviðri.

Prettándabrennum og hátíðahöldum var frestað víðast hvar um landið vegna veður s.l. föstudag en þrátt fyrir sunnan rok og rigningu létu íbúar Ólafsvíkur og nær-sveita það ekki á sig fá og héldu sína prettándabrennu að venju með álfadrottningu og álfakóngi í broddi fylkingar. Skrúðganga var farin frá pakkhúsinu, eftir Ólafsbrautinni inn fyrir Klif þar sem prettándabrennan var haldin.

Slökkviliðsmenn sáu um að kynda bálið og gekk það frekar erfiðlega vegna veðurs



Alfons

en náðu því þó að lokum við mikla gleði viðstaddra.

Lionsmenn stóðu fyrir flugeldasýningu en dagskrá prettándans er samstarfsverkefni Lionsklúbbs Ólafs-

víkur og Lionsklúbbsins Ránar. Fjöldi fólks lét sig hafa það að taka þátt í hátíðahöldunum þó að veðrið væri ekki eins og það gerist best. Samkvæmt venju gengu

börn í hús eftir flugeldasýningu og brennu, bönkuðu uppá hjá húsráðendum og sníktu sér í gogginn. Mörg börn buðu húsráðendum upp á söng í skiptum fyrir glaðninginn.



## ÚTSALAN

hefst á Föstudaginn  
opið frá 13-18 laugardag.

(sjá/heyrið auglýsingu frá Ellingsen Reykjavík)

Úlpur, flíspeysur Vind og  
Kuldagallar barna **30%**

Skór, sokkar, húfur vettlingar og  
Devold vörur **25%**

Sjógallar **25%** Stígvél **25%**

Komið og gerið góð kaup!



## Bókasafn

Breyttur opnunartími

Frí og með 9 janúar 2006

Mánudagur frá kl. 16-18

Þriðjudagur frá kl. 13-15  
og frá kl. 20-22 um kvöldið

Miðvikudagur frá kl. 16-18

Fimmtudagur frá kl. 11-15

Föstudagur frá kl. 13-15



# Rannsóknarsetur um lífríki Breiðafjarðar

Ákveðið hefur verið að stofna sjálfseignarfélag um rannsóknarsetur á norðanverðu Snæfellsnesi sem hafi þann tilgang að rannsaka vistkerfi sjávar í Breiðafirði. Hagsmunaðilar á Vesturlandi fengu Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi til að ýta hugmyndinni úr vör. Undirbúningurinn að stofnun félagsins hefur farið fram á árinu 2005 og var rannsóknaráætlun lokið nú á haustdögum. Sú skýrsla var unnin af Þórólfi Antonssyni hjá Veiðimálastofnun.

Það svæði sem sjónum verður beint að er Breiðafjörður innan línu sem hugsast dregin frá Öndverðarnesi til Bjargtanga, svæðið allt eru tæpir 3000 ferkm. Fjörður-

inn er opið vistkerfi þannig að ekki má einblína of mikið á hann einan við rannsóknir á lífríki og eðlisþáttum.



Breiðafirði má einnig skipta niður í dýpri svæði sem eru

Kollu- og Bjarneyjarálar og síðan grynri svæði innan við ystu eyjar - að mestu grynna en 40m. Eyjar, mikil

lega óháð þeim rannsóknarstofnunum sem stundað hafa rannsóknir til þessa. Uppi hafa verið mismunandi sjónarmið um þessi mál og því mikilvægt að horft sé á þessa hluti frá fleiri sjónarhornum til þess að auka þekkingu og skilning á lífríkinu.

Markmið rannsóknarsetursins er að rannsaka vistkerfi sjávar í víðasta skilningi, með megináherslu á vistkerfið í Breiðafirði, til þess að auka þekkingu á vistkerfinu í þeim tilgangi að auka arðsemi nýtingar auðlindarinnar.

Þar verður leitast við að svara ósvörðum spurningum sem gjarnan brenna á sjómönnum, fræðimönnum og leikmönnum og brúa þá gjá sem oft virðist vera á milli sjónarmiða þessara aðila og auka gagnkvæman skilning manna þar á.

Áformað er að stofna rannsóknarsetur í Snæfellsbæ sem vinni skipulega samkvæmt rannsóknaráætlun til a.m.k. næstu 3 - 5 ára að þeim markmiðum sem sett verða fram í áætluninni. Stefnt er að því að opnuð verði starfstöð með 3 - 4 stöðugildum með a.m.k. tveimur sérfræðingum. Á næstu dögum verður starf forstöðumanns auglýst laust til umsóknar.

fjörusvæði og þaraskógar eru allt einkenni á Breiðafirði fram yfir marga aðra firði landsins. Fjörðurinn er því mjög áhugaverður til rannsókna frá ýmsum sjónarhólum séð.

Sú hugmynd kom fram hjá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi við Breiðafjörð að mikilvægt væri að efla rannsóknir á vistkerfi sjávar í Breiðafirði. Með aukinni hagsæld og aukinni þekkingu hafa vaknað áleitnar spurningar um margvísleg mál sem varða lífríki sjávar og snúast sumar þeirra um grundvallaratriði. Í umræddu rannsóknarsetri þar sem fram munu fara sjálfstæðar rannsóknir sem verður faglega og fjárhags-

## Fundarboð!

Framfarafélagið Ólafsvíkurdeild heldur almennan fund á Hótel Ólafsvík sunnudaginn 15. janúar n.k. Kl.14.00

### Fundarefni:

Kynning á þeim verkefnum sem deildin er að vinna að núna.

1. „Endurheimtum Ennið“
2. Samantekt á útgerðarsögu Ólafsvíkur.

Af því tilefni hvetjum við alla þá er hafa verið, eða eru í tengslum við útgerð, að mæta á fundinn, en hann er opinn öllum og vonumst við til þess að sjá sem flesta.



Stjórn Framfarafélagsins,  
Ólafsvíkurdeildar



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## Dósasöfnun!

Fimmtudaginn 12. janúar kl.18:30

ætlum við að fara í dósasöfnun í Ólafsvík. Er það von okkar, bæjarbúar góðir að þið eigið eitthvað af flöskum handa okkur, hvort sem það er plast, ál eða gler. Til að allt gangi vel og fljótt fyrir sig, væri ágætt að þið settuð poka eða kassa með flöskunum fyrir utan hús ykkar, að öðrum kosti bönkum við uppá hjá ykkur.

Með fyrirfram þökk.  
Umf. Víkingur

*P.S. Krakkar mætum öll í húsnæði Ragnars og Ásgeirs, endilega takið mömmu og pabba með, því margar hendur vinna létt verk.*

# Færeyskir dagar

Jæja núna er komið nýtt ár og langar okkur að óska öllum íbúum Snæfellsbæjar og öðrum velunnurum Færeyskra daga gleðilegs árs og megið þið hafa það sem allra best á nýju ári.

Færeyskir dagar á síðastliðnu sumri gengu að okkar mati bara nokkuð vel fyrir sig. Við teljum að við höfum verið með góða skemmtikrafta og skipulagning hátíðarinnar hafi í flestum tilfellum verið góð, en vitum þó að auðvitað er ýmislegt sem bæta má. Við höfum fengið álit ýmissa aðila á hátíðinni og eru ummæli þeirra misjöfn eins og gengur og gerist.

Fjáröflunarleiðir fyrir Færeyska daga 2005 voru eftir-

farandi:

- 1 . Styrkveitingar einstaklinga og fyrirtækja.
- 2 . Sala á armböndum.
- 3 . Gjald fyrir bása á markaði.
- 4 . Aðgangseyrir á dansleik á Klifi.

Einnig voru margir ómetanlegir styrkir af ýmsum toga sem við fengum frá einstaklingum og fyrirtækjum, ekki

má svo gleyma framlagi Snæfellsbæjar til hátíðarinnar.

Til að halda hátíð eins og Færeyska daga þarf góða og öfluga fjáröflun því hátíð sem þessi

er dýr í framkvæmd og má þar nefna kostnaðarliði eins og t.d. skemmtikrafta, hljómsveit, stefgjöld, auglýsingakostnað og kostnað við gerð armbanda. Auk þessa eru tveir kostnaðarliðir sem okkur er ljúft að geta um en það er annarsvegjar kostnaður við gæslustörf björgunar-sveitarinnar Bjargar á Hellissandi en hún sá og hefur séð um gæslu á Færeyskum dögum undanfarin ár í samráði við lögreglu og viljum við þakka þeim fyrir vel unnin störf. Hinsvegjar sá björgunarsveitin Sæbjörg í Ólafsvík, með Arnar Laxdal í forystu, um armbandasölu fyrir okkur og fá þeir bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Það var alla tíð sú stefja hjá okkur að styrkja björgunarsveitirnar vel fyrir sín störf og það var gert, megi þær vel njóta.

Nefndin hittist fyrst í febrúar á síðasta ári og var fundað 2-3 í mánuði, enda ýmislegt sem þarf að huga að þegar svona hátíð er annars vegar. Við eru núna reynslunni ríkari og vitum hvað betur má fara en engu að síður eru allar ábendingar vel þegnar. Það vantar alltaf fólk í undirbúningsstarf og því fleiri því betra svo ef þú ert áhugamaður um Færeyska daga ekki hika að hafa samband.

## Færeyskir dagar 2006

Núna er ekki eftir neinu að bíða með að huga að Færeyskum dögum 2006. Við sem störfuðum við Færeyska daga á síðasta ári hittumst 7. janúar síðastliðinn á stuttum spjallfundi og könnuðum áhuga nefndarmanna á áframhaldandi veru í nefndinni og það er ljóst að einhverjir ætla að taka sér frí þetta árið og aðrir eru fluttir í burtu, en okkur langar áður en lengra er haldið að kanna áhuga fólks á Færeyskum dögum fyrir komandi sumar og viljum við vekja athygli fólks á skoðanakönnun sem mun fara fram á snb.is 12. - 26. janúar n.k.

við skorum á ykkur öll að taka þátt í þessari könnun.

Nefnd Færeyskra daga

## Viltu koma þínum línum í lag.

Ert þú að hugsa um að komast upp úr hjólfarinu. Þá er tækifærið núna. Það er alltaf rétti tíminn til að hefja nýtt og betra líferni. Ef þú hugar ekki að heilsunni, þá gerir það enginn fyrir þig.

Það er líka fleira sem flokkast undir lífstíl en dýrir bílar, merkjavara í fötum og fylgihlutum og hús í útlöndum. Ef þú hefur metnað fyrir sjálfum þér þá litlu í eigin barm og athuga hvort þú getir bætt þig núna. Ég er tilbúin að aðstoða þig.

Heilsu og lífstílls leiðbeinandi/herbalife  
**Ester Soffía Jóhannsdóttir 8692020 og 4361316**  
ester\_soffia@hotmail.com heilsufrettir.is/ester



## Bifreiðin P 3000 er til sölu.

Bifreiðin er Subaru Legacy sedan 2,0 árg. 2003/06 og er ekin 70 þús km.

Hann er vel með farin og er ma. með spoiler, krók, álfelgum, nýjum vetrardekkjum, CD og fl.

Engin skipti og fæst á góðu verði.  
Upplýsingar í síma 893-4718 og 560-5002

## Myndir - Alfons Finnsson - Myndir

Heimasíða með myndum úr Snæfellsbæ og víðar  
Gamlar og nýjar myndir

[www.123.is/alfons/](http://www.123.is/alfons/)



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Umhverfishornið

# Rafmagnssparnaður

### Hvað er hægt að gera til að spara rafmagn ?

Rafmagnsnotkun eykst sífellt á íslenskum heimilum og stöðugt bætast við ný heimilistæki. Ýmislegt er unnt að gera til þess að draga úr rafmagnsnotkun.

Á markaðnum eru margar vörur sem hafa verið hannaðar þannig að þær spari orku. Með síauknum þrýstingi frá neytendum er fjöldi þeirra að aukast. En til þess að svo megi áfram vera, verðum við öll að spyrja út í orkunotkun tækjanna sem við hyggjumst kaupa.

Inni á heimasíðu Landverndar eru ýmis ráð varðandi orkusparnað. Eldhúsinu tengist mikil rafmagnsnotkun og með skynseminna að leiðarljósi er auðveldlega hægt að koma í veg fyrir óþarfa eyðslu.

· Notaðu lok á pottana, það þarf þrefalt meiri orku til að elda í opnum potti en lokuðum.

· Venjulegar rafmagns-

hellur er best að stilla á hæstu stillingu þar til suðan kemur upp og lækka síðan eins og hægt er án þess að suðan hverfi alveg.

· Halógenhellur (og gashellur) halda réttum hita séu þær á viðeigandi stillingu frá byrjun.

· Gættu þess að nota rétta hellustærð fyrir pott eða pönnu.

· Því minni pottur því minna vatn þarf og þar með minna rafmagn. Vatnsleysanleg vítamín og steinefni tapast síður.

· Slökktu undir pottinum eða pönnunni 10 mínútum áður en maturinn er fullleiddur og nýttu þannig eftirhitann. <http://www.landvernd.is/vistvernd/flokkur.asp?flokkur=1262>

Þórunn Sigþórsdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness

## Getraunir Víkinga

Getraunir á Hótel Ólafsvík  
laugardaga kl. 11-13

Mætum öll og höfum gaman af

## Þorrablót/Góugleði

### í Röst

Tilkynning:

Ákveðið hefur verið að halda ekki Þorrablót í félh. Röst þetta árið.

Haldin verður Góugleði þann 4. mars n.k.  
Góugleðin verður nánar auglýst síðar

Nefndin

## POWER JOGA

6.vikna jóga námskeið (12. tímar) hefjast í Sólarport  
16. og 17. jan. 2006

Námskeiðsdagar eru sem hér segir:

Annars vegar: Mánudaga og miðvikudaga kl. 19.45-20.45

Hins vegar: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.30-19.30

Skráning og upplýsingar fást í Sólarport í síma 436-1020  
eða hjá Friðgerði síma 694-2361.

## Er matur vandamál?

Fjölmargir hafa fundið lausn  
með tólf spora kerfi OA samtakanna.

Kynningarfundur verður haldinn  
í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði  
laugardaginn 14. janúar, kl. 13.00 – 14.30.

Allir velkomnir!

OVEREATERS  
ANONYMOUS

[www.oa.is](http://www.oa.is)

Grundarfjarðardeild OA

## Vinningsnúmer

Kæru bæjarbúar gleðilegt ár  
Ég vil þakka fyrir frábærar  
mótökur við sölu á almanaks-  
happdrætti Þroskahjálpar nú  
sem undarfárin ár.

Ég vil benda fólki á að fara

yfir vinnings númer síðast-  
liðins árs

Kær kveðja  
Steinunn Stefánsdóttir  
og fjölskylda, Sandholti 30  
Ólafsvík

Janúar	11641	12229	9968	5025	3678	7325	11341
Febrúar	4103	9352	86	4171	12879	22	
Mars	8081	13400	866	11435	6138	1879	
Apríl	2859	7058	8801	268	7608	5886	
Mai	4621	11320	10663	2845	1085		
Júní	767	3249	2011	3719	3774	—	—
Júlí	130	13227	11049	6148	440	11961	5707
Ágúst	10023	3957	5883	823	11159	9741	13046
September	1522	5312	4117	6697	4398	8689	11474
Október	9626	10214	614	2029	1625	9274	4137
Nóvember	1741	4485	8178	529	575	1979	5631
Desember	10610	4275	3259	13997	10827	7876	

# Þjóðgarðsmiðstöð



Undirbúningur er hafinn að byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar, fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, sem rísa mun á Hellissandi. Ákveðið hefur verið að efna til opinnar samkeppni um hönnun hússins og hélt dómnefndin sinn fyrsta fund þann 6. janúar síðastliðinn. Áætlað er að úrslit keppinnar verði kunn í maí. Verður spennandi að sjá væntanlegar tillögur en húsið verður staðsett á fallegum stað við þjóðveginn, við hlið Sjómannagarðsins, með útsýni til Jökulsins og út á haf. Í húsinu er m.a. gert ráð fyrir gestastofu, upplýsinga-

þjónustu, veitingasölu og vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk þjóðgarðsins. Í dómnefndinni sitja talið frá vinstri: Baldur Ó. Svavarsson arkitekt, Kristinn Jónasson bæjarstjóri, Þórarinn Þórarinsson arkitekt sem er trúnaðarmaður nefndarinnar, Stefán Benediktsson frá Umhverfisstofnun en hann er formaður nefndarinnar, Elín G. Gunnlaugsdóttir arkitekt og Guðbjörg Gunnarsdóttir þjóðgarðsvörður. Ritari nefndarinnar verður Guðrún Lára Pálmadóttir sem var nýlega ráðin sérfræðingur við þjóðgarðinn.

## SMÁ

### Róðratæki óskast

Óska eftir að kaupa róðratæki. Uppl. í síma 848 8425 á kvöldin

## Er matur vandamál?

Laugardaginn 14. janúar nk. verður haldinn OA kynningarfundur í Grundarfirði.

OA-samtökin (Overeaters Anonymous) eru samtök fólks sem á við

sameiginlegt vandamál að stríða, átfíkn, sem á sér ýmsar birtingarmyndir. OA samtökin líta á hömlulaust ofát sem líkamlegan, tilfinningalegan og andlegan sjúkdóm. Félagar í OA samtökunum takast á við vandamálið einn dag í einu á

sama hátt og félagar í AA samtökunum takast á við áfengis- og vímuefnafíkn og vinna eftir sama 12 spora kerfi. Á Íslandi eru nú starfandi 17 OA-deildir og er ein þeirra í Grundarfirði. Fundað er vikulega í safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju á mánudögum kl. 18.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna: [www.oa.is](http://www.oa.is).

Kær kveðja frá Grundarfjarðardeild OA

## Auglýsingaverð í bæjarblaðinu Jökli mun hækka þann 1. febrúar n.k.

Heilsíða í lit: 36.200,- m.vsk.

Heilsíða: 16.200,- m.vsk.

1/2 síða: 10.200,- m.vsk

1/4 síða: 6.600,- m.vsk

1/8 síða: 4.800,- m.vsk.

1/16 síða: 2.800,- m.vsk.



**STEINPRENT**

Sandholt 22, Ólafsvík  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · Netf. [bylgja@bylgja.is](mailto:bylgja@bylgja.is)

## Jólin búin



Einmuna blíða var í bæjarfélaginu á þriðjudag. Notuðu bæjarstarfsmenn tækifærið og fjarlægðu jólatrén sem hafa glatt okkur núna yfir jólahátíðina.

Heimilisjólratrjám bæjarbúa verður safnað saman í dag, fimmtudaginn 12. janú-

ar, og er fólki bent á að setja jólatrén sín út að lóðamörkum þar sem þau verða sótt. Ef veður verður þannig að hætt verður við að safna saman jólatrjánnum þá verður það nánar auglýst hér á síðunni.

## Snæfellsbær - Húsaleigubætur

Þeir sem ætla að nýta sér rétt sinn til húsaleigubóta árið 2006 eru vinsamlegast beðnir um að skila inn umsóknum fyrir 20. janúar n.k. Athugið að fyrri umsóknir runnu út um áramót.

Húsaleigubætur eru greiddar eftir á fyrir hvern mánuð eins og lög um húsaleigubætur gera ráð fyrir.

Skilyrði fyrir húsaleigubótum eru m.a. eftirfarandi:

**Að umsækjandi hafi lögheimili í Snæfellsbæ.**

**Að umsækjandi hafi þinglýstan húsaleigusamning til a.m.k. sex mánaða.**

**Að umsækjandi skili inn staðfestu skattframtali síðasta árs ásamt launaseðlum síðustu þriggja mánaða.**

Umsóknareyðublöð fást hjá

Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga,  
Kletsbúð 4, Hellissandi sími 430 7800,  
þar er einnig tekið við umsóknum.



Ólafsvíkirkirkja

# Leikjamesa

Sunnudagaskólinn og safnaðarstarfið hefst að nýju eftir jól og áramót með leikjamesu í Ólafsvíkirkirkju

**sunnudaginn 15. janúar  
kl. 11.00.**

Stundin einkennist af leikjum og gleði og leikgleði.

Allir velkomnir



Sóknarprestur



## Söfnun jólatrjáa



Söfnun jólatrjáa fer fram  
í Ólafsvík, Rifi og á Hellissandi  
fimmtudagskvöld 12. janúar.



Íbúar eru beðnir um  
að setja trén út að lóðamörkum  
þar sem að þau verða sótt.

Hreinsunardeild Snæfellsbæjar